

Sp.

717. Tillaga til þingsályktunar

[394. mál]

um verndun fjölsótttra ferðamannastaða í byggð og óbyggðum.

Flm.: Gunnar G. Schram, Guðmundur H. Garðarsson,
Eggert Haukdal, Kristín S. Kvaran.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að setja viðhlítandi reglur um umgengni og akstur ferðamanna í byggðum og óbyggðum Íslands.

Markmið þeirra reglna verði að koma í veg fyrir spjöll á náttúru landsins og veita fjölsóttum en viðkvæmum ferðamannastöðum á hálendinu fullnægjandi vernd, m.a. með bættri dvalaraðstöðu og ítölu ef þurfa þykir. Jafnframt verði kveðið skýrar en nú á um víðurlög við spjöllum á sérstæðum náttúruminum og töku og útflutningi sjaldgæfra jurta og steintegunda sem hér finnast.

G r e i n a r g e r ð .

Að undanfögnu hafa þeir sem að ferðamálum og náttúruverndarmálum starfa hér á landi lýst yfir vaxandi áhyggjum vegna örtraðar og landspjalla sem stafa af för og dvöl ferðamanna á mörgum fjölsóttum ferðamannastöðum í byggð og óbyggðum.

Nú er svo komið að tugir þúsunda ferðamanna koma á fegurstu og vinsælustu staðina á hálendinu yfir sumartímenn. Ekki er nema gott eitt um það að segja. Hins vegar skortir þar víðast hvar alla aðstöðu til þess að veita slíkum fjölda þá þjónustu sem nauðsynleg er vegna lengri eða skemmri dvalar.

Vegna vaxandi umferðar er gróðurfar á ýmsum viðkvæmum stöðum á hálendinu einnig í verulegri hættu að dómi leiðsögumanna og annarra sem þessum málum eru kunnugir. Þá er ljóst að hörmuleg landspjöll hafa á undanfögnu árum hlotist af umferð utan vega og vegslóða og ljót jarðvegssár myndast sem tekur mörg ár að græða. Ákvæði í lögum um náttúruvernd um bann við akstri utan vega virðast hér ekki fullnægjandi eða nægilega skýr.

Nokkur brögð hafa verið að ólöglegri töku íslenskra bergtegunda sem fluttar hafa verið úr landi til sölu erlendis þrátt fyrir ákvæði náttúruverndarlaga. Á síðustu misserum hefur bæst við vandamál af einnota umbúðum sem skildar eru eftir á víðavangi upp um fjöll og firnindi ekki síður en í byggð. Um notkun þeirra og eyðingu hafa enn engar reglur verið settar.

Af þessum sökum telja flutningsmenn þessarar tillögu það fyllilega tímabært að skýrari reglur verði settar um ferðir og dvöl ferðamanna, sérstaklega utan byggðar og á hálendi landsins, svo að fjölsóttustu ferðamannastöðunum verði veitt viðhlítandi vernd. Ekki er með þessu á nokkurn hátt amast við vaxandi umferð ferðamanna um landið. Hitt er ljóst að hinn mikli og vaxandi fjöldi þeirra kallar á betra skipulag, uppbyggingu hreinlætis- og viðlegu- aðstöðu og aukið almennt eftirlit ef vel á að vera. Til þess þarf m.a. að efla störf Ferðamálaráðs og Náttúruverndarráðs sem láta sig þessi mál miklu skipta en hefur skort fjármagn til starfsemi sinnar. Ítala kemur hér og til greina.

Flutningsmenn tillögunnar hafa rætt sérstaklega um þessi mál við Ferðamálaráð og óskað eftir álit þess um þessi atriði. Fjallaði umhverfismálanefnd ráðsins um erindi þeirra á fundi sínum 21. janúar s.l. og gerði meðfylgjandi ályktun um aðgerðir sem hún telur aðkallandi vegna umferðar ferðamanna um Ísland.

Fylgiskjal.

Álit umhverfismálanefndar Ferðamálaráðs.

(21. janúar 1987.)

Nefndarmenn telja eftirfarandi aðgerðir aðkallandi vegna umferðar ferðamanna um Ísland:

A. Aðstaða — uppbygging.

1. *Samvinna.* Brynt er að koma á góðri samvinnu Ferðamálaráðs við alla þá aðila sem hafa eftirlit með og reka þjónustu og aðstöðu fyrir ferðamenn, svo sem Náttúruverndarráð, Vegagerð ríkisins, Landmælingar, lögreglu, sveitarfélög og landeigendur. Komast þarf að samkomulagi um hver á að gera hvað og hvar.
2. *Fjárframlög.* Tryggja þarf fjárframlög til nauðsynlegra framkvæmda. Ljóst er að ýmsar framkvæmdir í þágu ferðamanna utan þéttbýlis, svo sem gerð tjaldsvæða og bygging snyrtiaðstöðu, þykja lítt arðvænlegar fyrir rekstraraðila í ferðamennsku svo að ekki sé minnst á gerð göngustíga og merkingar af ýmsum toga. Nefndarmenn telja að til þurfi að koma aðstoð í formi styrkja eins og lög gera ráð fyrir.
3. *Hálendisvegir.* Bæta þarf hálendisvegi og merkingar þeirra svo að síður séu eknir hliðarvegir.
4. *Göngustígar.* Leggja þarf og merkja göngustíga svo að ekki troðist sífellt nýir. (Ath.: Liðir 3 og 4 eru bæði til öryggis ferðamanna og verndar gróðri.)
5. *Snyrtiaðstaða.* Koma þarf upp sómasamlegri snyrtiaðstöðu á afskekktum en fjölsóttum ferðamannastöðum og tjaldsvæðum og tryggja reglulega sorphirðu og eftirlit.
6. *Vinnuhópar.* Æskilegt væri að mynda vinnuhópa í hverju sveitarfélagi, jafnvel í samvinnu við áhugamannafélög til að koma upp og halda við aðstöðu fyrir ferðamenn.
7. *Skipulagning.* Draga má úr ásókn á viðkvæma staði með því að skipuleggja ferðir um óbyggðir með gistingu í byggð. Þol ferðamannastaða er í sumum tilfellum háð því hversu vel þeir eru útbúnir.

B. Kynning.

1. Tryggja þarf útgáfu á upplýsinga- og leiðbeiningabæklingum (bæði hvað snertir öryggismál og gróðurvernd), bæði á erlendum tungumálum fyrir útlendinga og á íslensku fyrir innlenda ferðamenn.
2. Tryggja þarf stöðuga og rétta dreifingu á ofangreindum bæklingum. Bent er á að nauðsynlegt er að dreifa slíkum bæklingum við vegabréfaskoðun ferðamanna, til þeirra staða erlendis þar sem ferðamenn kaupa farseðla til landsins og um borð í færeysku ferjunni Norröna. Sérstaklega þarf að auka kynningu til þeirra sem ferðast um landið á eigin vegum.
3. Koma þarf á betri samvinnu við fjölmiðla vegna upplýsingadreifingar og fræðslu.
4. Efla þarf fræðslu um umhverfisvernd og náttúruskoðun í skólum.
5. Tryggja þarf útgáfu vega- og leiðakorta fyrir ferðamenn og að merkingar á þessum kortum séu réttar (t.d. hvað snertir gerð vega og hvaða vegir eru aðeins færir fjórhjóladrífsbílum og hvaða leiðir er óráðlegt að fara einbíla). Nýta skal fréttatíma á ensku í útvarpinu til að koma boðum og leiðbeiningum til erlendra ferðamanna.
6. Bæta þarf merkingar bæði varðandi öryggis- og umhverfismál, t.d. á hverasvæðum, við uppgönguleiðir á fjöll o.fl.

C. Eftirlit og merkingar.

1. Koma þarf á reglubundnu eftirliti úr lofti í samvinnu við áhugaflugmenn, sérstaklega á vorin áður en hálendisvegir verða færir.
2. Akstur utan vega er bannaður í landslögum og það er óumdeilanlegt hlutverk lögreglu að annast löggæslu, einnig í óbyggðum. Tryggja skal að lögregla hafi fjórhjóladrifsfarartæki til eftirlits í óbyggðum.
3. Tryggja verður að Vegagerð ríkisins komi upp merkingum við innakstur á aðalhálendisvegi sem tilgreini hvort vegurinn sé lokaður eða opinn (fær). Í því skyni verði hannað sérstakt merki, auðþekkjanlegt og auðskiljanlegt, sem sýni hvort vegurinn er opinn eða lokaður og hvort hann er fær öllum bílum eða aðeins fjórhjóladrifsbílum.
4. Koma þarf upp upplýsingamiðstöðvum fyrir ferðamenn í öllum landsfjórðungum, í ákveðnum þjónustukjörnum og við jaðar hálendisins. Hugsanlegt er að virkja heimamenn og gistibændur í þessu skyni. (Til þeirra koma oft margir útlendingar til að fá upplýsingar um færð en með smátílsögn og samvinnu mætti bæta þessa upplýsingamiðlun.)
5. Koma þarf á hreyfanlegri landvörslu á stöðum og svæðum þar sem það hentar.
6. Tryggja ber menntun leiðsögumanna hvað upplýsingamiðlun varðar og nýta þá til eftirlitsstarfa.
7. Ákveða þarf hvort beita eigi sektum við akstri utan vega og öðrum landspjöllum.
8. Beita mætti ítölu á staði þar sem talin er þörf á því.